



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Innkauparáð

**Sendandi:** Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir

---

***Staða undirbúnings á útboði rammasamnings um þjónustu sérfræðinga í umhverfis-, samgöngu-, skipulags-, og byggingarmálum fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar***

Rammasamningurinn er skilgreindur sem opinn sem þýðir að á meðan samningurinn er í gildi geta aðilar sem uppfylla hæfisskilyrði sótt um að vera aðilar samningsins hvenær sem er á samningstímanum.

Samkvæmt 41. gr. laga um opinber innkaup skulu öll innkaup innan gagnvirks innkaupakerfis (opinn rammasamningur) framkvæmd með lokuðu útboði (örútboð) í samræmi við þær reglur sem um slík útboð gilda.


Útboðsgögn eru langt komin og stefnt á að birta gögn inni á útboðsvef í viku 25. Eftir birtingu er gert ráð fyrir tilboðsfresti sem varir til 12. ágúst 2019 og gefst þá væntanlegum bjóðendum kostur á að senda inn fyrirspurnir. Niðurstaða útboðssins verður lögð fyrir innkauparáð til samþykkta.

Útboðsgönum verður skipt niður í flokka og þurfa bjóðendur að uppfylla mismunandi hæfisskilyrði í hverjum flokki fyrir sig. Yfirferð á þessum hluta er nú í ferli hjá ytri ráðgjafa á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs.

Þegar rammasamningurinn hefur tekið gildi getur nýr aðili sent inn þáttökutilkynningu. Taka skal afstöðu til þess hvort þáttökutilkynning uppfylli skilyrði innan tíu daga frá viðtöku hennar. Þó er heimilt að lengja frestiinn í 15 daga í sérstökum rökstuddum tilvikum. Þá er einnig heimilt að framlengja þennan frest svo framarlega sem engin tilboð berast á sama tíma. Tilgreina skal tímalengd á framlengdum fresti í útboðsgönum. Upplýsa skal fyrirtæki eins fljótt og kostur er um hvort það hafi fengið aðgang að opnum rammasamningi eða ekki.

Við einstök innkaup innan opins rammasamnings skal öllum fyrirtækjum sem aðild hafa fengið að rammasamningnum boðið að leggja fram tilboð. Hafi samningnum verið skipt niður í flokka vara, verka eða þjónustu skal kaupandi bjóða öllum fyrirtækjum að leggja fram tilboð sem fengið hafa aðgang að þeim flokki sem svarar til hinna tilteknu innkaupa. Gefa skal minnst tíu almanaksdaga til að leggja fram tilboð. Grundvalla skal val tilboðs á hagkvæmasta tilboði samkvæmt forsendum fyrir vali tilboðs sem fram komu í útboðsauglýsingu samningsins. Þessar forsendur má skilgreina nánar í boði um að leggja fram tilboð.

Hvenær sem er á gildistíma opins rammasamnings er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki sem fengið hefur aðild að gagnvirku innkaupakerfi leggi fram endurnýjaða og uppfærða hæfisyfirlýsingu, sbr. 1. mgr. 73. gr. laga um opinber innkaup, innan fimm virkra daga frá þeim degi þegar beiðni um það var lögð fram.

Virðingarfullst  
  
Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir

Skrifstofustjóri, Innkaupaskrifstofu